

Ágætu bæjarfulltrúar.

Við undirrituð kennarar við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar viljum koma eftirfarandi upplýsingum og áskorun á framfæri.

- Miðvikudaginn 12. nóvember mun verkfall kennarar í Félagi tónlistarkennara hafa staðið í þrjár vikur.
- Nú þegar þetta bréf er skrifað hafa samningafundir verið árangurslausir.

Hvað veldur?

Hvers vegna er ekki hægt að semja við okkur?

Erum við svona óbilgjörn?

Tónlistarskólar starfa á mismunandi grundvelli þ.e. einkaskólar, sjálfseignarstofnanir og skólar í eigu sveitarfélaganna.

Reykjavíkurborg á aðeins einn lítinn skóla sem taka þurfti í fóstur þegar Kjalarnes sameinaðist Reykjavík. Aðrir skóla þar eru einkaskólar eða sjálfseignarstofnanir sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamninga við.

Af því leiðir að höfuðborgin getur ekki státað af tónlistarskólunum sínum líkt og aðrir.

Samninganefnd sveitarfélaganna vill að skólaár tónlistarskólanna verði stytta og vikuleg kennsluskylda aukin þannig að vinnustundir tónlistarkennarans fari jafnvel í 55 klukkustundir á viku! (Sjá fylgiskjal).

Einnig viðurkennir hún ekki að vinna kennara sé meiri eftir því sem nemendum fjölga.

Við, kennarar í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar höfum alltaf litið á okkur sem hluta af skólasamfélagi bæjarins.

Það er því með ólíkindum að stefna Reykjavíkurborgar varðandi tónlistarfræðslu muni hugsanlega ráða því hvernig bærinn okkar skuli haga sinni skólastefnu. Reykjavíkurborg heldur samningnum í gíslingu!

Í starfsmanna – og jafnréttisstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. mars 2002 segir í 31. grein:

Launakjör skulu vera með þeim hætti að þau laði að hæft starfsfólk og haldi því í starfi. Starfsmenn skulu njóta svipaðra kjara og bjóðast í sambærilegum störfum annars staðar að teknu tilliti til kjara sem tíðkast fyrir sambærileg störf hjá sveitarfélögum og stofnunum sem reka á móta starfsemi.

Áskorun:

Við viljum skora á Bæjarstjórn Hafnarfjarðar að huga að starfsaðferðum Samninganefndar sveitarfélaganna sem greinilega er eingöngu með bakland í Reykjavík og fer gegn *Starfsmanna- og jafnréttisstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

Fyrir hönd

Áslaug Bergsteinsdóttir
Ástríður Alda Sigurðardóttir
Bergrún Snæbjörnsdóttir
Bjargey Prúður Ingólfssdóttir
Brynhildur Ingibjörg Oddsdótti
Elín Anna Ísaksdóttir
Elísabet Þórðardóttir?
Erna Guðmundsdóttir
Guðlaugur Viktorsson
Hafís Vigfúsdóttir
Helga Aðalheiður Jónsdóttir
Helga Björg Arnardóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Ingibjörg Guðjónsdóttir
Ingibjörg Þorsteinsdóttir
Jón Björgvinsson
Karen Erla Karólínudóttir
Kolbrún Jónsdóttir
Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir
Kristrún Helga Björnsdóttir
Sigrún Jónsdóttir
Sigurður Marteinnsson
Smári Ólason
Svanur Davíð Vilbergsson
Valgerður Auður Andrésdóttir
Vigdís Klara Aradóttir
Þóra Vigdís Guðmundsdóttir
Þórarinn Sigurbergsson
Þröstur Þorbjörnsson


Gunnar Gunnarsson


Stefán Ómar Jakobsson


Helgi Bragason